

Domararnir og stillögmallo.

I.

Í Morgunblaðinu 4. mars s. 8, er fróðleg saga um athæfi miljónara nokkurs gagnvart gömlum betlara og konu hans, sem leitað höfðu sjer náttstaðar í brautarsal eimur. Miljónarinn setst þar á stól og sofnar; dreymir að hann sitji á belkk alsnakinn og skjálfandi af kulda. Stendur upp, þrífur yfir-hafnir gömlu fáteku hjónanna og hleypur út. Fyrir þetta var hann dæmdur í 80 daga fangelsi, og er sá dómur sennilegá mjög ranglátur. Því að miljónarinn hefir að öllum líkindum sagt það satt, að þetta hafi verið sjer ósjálfrátt. Ef vjer þekkjum stillilögþátt, (law of determinants), "þá er einmitt draúmur eins og þessi mjög líkeins og sagt var; stilliáhrif betlurunum, sem miljónarann dreymir eins og sagt var, stilliáhrif betlara fá honum draumgjafa, sem er enniþá vesíelli en þau sjálf. Og það sem hjer þarf að skilja, er þetta. Þegar miljónarinn stendur upp, þá er hann alls ekki vaknaður, heldur hefir draumgjafinn einmitt náð fasfari tökum á taugakerfi hans en áður, svefninn hefir breytst í trance, miðilsástand.

II.

Jafnvel þó að saga þessi væri ekki annað en tilbunimgur, þá er eins víst fyrir því, að þekking á stillilögþalinu, er afar þýðingar-

mikil á margan hátt. Til dæmis mun það, sem menn hjer hafa kallað sálarrannsóknir, psychie research, en mun verða nefnt rannsóknir í organiskri epagóggík (lífrænni fléiðslufræði) ekki komast í rjett og örught horf, fyr en fengin er þekking á því lögmáli. Stillilögþátt hefi jeg nú rannsakað daglega í meir en 13 ár, og þóri að segja það fyrir, að þekking á því, mun eiga drjúgan þátt í að ger-breyta öllu mannlífi. Hver skynsamur maður, og slíkir eru, sem bœfur fer, margir, getur fundið lög-mál þetta sjálfur, ef hann aðeins hirðir um. Einna auðveldast til rannsókna í þessum efnum, mun vera fyrir trúlofaða menn, sem fara í annað land, þar sem enginn þekkir unnstu þeirra, eða veit að þeir eru trúlofaðir. Þá mun aldrei dreyma unnustuna, hversu mjög sem þeir þrá það, og er mjer kunnugt um slik dæmi, fleiri en eitt. Rjettara viðri þó ef til vill að segja að þá mun nálega aldrei dreyma unnustuna; en ef það kemur fyrir, þá á mjög annarlegan hátt. En hitti þeir ein-hvern, sem veit að þeir eru trúlofaðir, og þekkir unnustuna, þá fer þá að dreyma hana. Viðri mjer Lökk á að menn segðu mjer eða skrifuðu af reynslu sinni í þessu efni.

2. apríl.

Helgi Pjeturss.

Lisbók Nbl. sed/10 Óct 1928